

Sp. 153. Tillaga til þingsályktunar

um auknar fjörefnarannsóknir.

Flm.: Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að 50 þús. kr. hvort árið 1943 og 1944 til þess að bæta og auka skilyrði Atvinnudeildar háskólans til fjörefnarannsókna.

Greinargerð.

Rannsóknarstofa háskólans hefur undanfarin 5—6 ár annazt rannsóknir á D-fjörefni í meðalálýsi eða síðan þessar rannsóknir hófust hér á landi. Hefur árangur rannsókna orðið hinn merkilegasti, og skortir það eitt á, að hægt sé að fjölga þeim, svo að þær nái til alls lýsis, sem út er flutt, eða því sem næst. Með núverandi dýrastofni og aðstöðu hefur ekki verið unnt að rannsaka nema 20—30 sýnishorn á ári, og kemur þá ein rannsókn á hver 200 tonn útflutts lýsis til jafnaðar. Þetta er mikils til of litið, og þyrfti að fjölga rannsóknunum svo, að þær yrðu um 100 á ári. Nú hefur Rannsóknarstofa háskólans ekki treyst sér til vegna hús-næðisleysis að auka starfsemina, en líkur eru til, að í Atvinnudeild háskólans megi koma þessu fyrir með nokkrum tilflutningi, enda eiga rannsóknirnar bezt heima þar. Er tillaga þessi flutt í trausti þess, að unnt verði að koma rannsóknunum þar fyrir án sérstakra bygginga nema „innréttinga“ fyrir tilraunadýrin. Að öðru leyti er ætlazt til, að fjárveitingin verði notuð til kaupa á nýjum dýrum og til rekstrarkostnaðar, þar til er tilraunirnar geta hafizt með þau, en ætla má, að það taki 1—2 ár. Að þeim tíma liðnum má ætla, að gjaldið, sem fæst fyrir rannsóknirnar, muni nægja til að standa undir rekstrarkostnaði.

Mismunandi skoðanir hafa verið uppi um það, á hvern hátt skuli aflað tekna til þessarar rannsóknarstarfsemi, en þess er að vænta, að samkomulag geti orðið um þá leið, sem hér er stungið upp á, að ríkissjóður taki að sér greiðslu á stofn-kostnaði og rekstrarkostnaði, unz rannsóknaraðstaðan er orðin nægilega trygg, en rekstrarkostnaður verði hins vegar síðan greiddur af þeim, sem rannsókna njóta.

Aðalatriðið í þessu máli er, að aðstaða verði sköpuð til þess sem fyrst, að rannsóknirnar geti farið fram, því að allir eru sammála um þá þýðingu, sem þær geta haft fyrir meðalálýsisframleiðsluna.